



8. fundur stjórnar LH 2024-2026
10. janúar 2025 kl. 16:00
Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Mætt úr aðalstjórn: Linda Gunnlaugsdóttir, Ólafur Gunnarsson, Sóley Margeirsdóttir, Ólafur Þórisson, Unnur Rún Sigurpálsdóttir, Þórhildur Katrín Stefánsdóttir, Sveinn Heiðar Jóhannesson.

Mætt úr varastjórn: Sigurbjörn Eiríksson, Hilmar Guðmannsson, Ragnhildur Gísladóttir og Jón Þorberg Steindórsson.

Forföll boðaði: Reynir Atli Jónsson.

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir

Formaður setur fund og stýrir fundi.

1. Samþykkt fundargerðar síðasta fundar

2. Siðareglur - og öflun upplýsingar úr sakaskrá

Stjórnarmenn undirrita siðareglur LH og samþykki fyrir öflun upplýsinga úr sakaskrá.

3. Staða verkefna hjá formanni og framkvæmdastjóra

Hrossataðsmálið er komið í góðan farveg hjá Sörla. Fundur boðaður á þriðjudag hjá Fákí ásamt fulltrúum Sorpu og Heilbrigðiseftirlitsins í kraganum.

Sigurbjörn Bárðarson var tekinn inn í Heiðurshöll ÍSÍ á verðlaunaathöfn íþróttamanns ársins. Þetta er gríðarlegur heiður fyrir Sigurbjörn og hestaíþróttir í heild sinni. Skipuleggja þarf móttöku honum til heiðurs, mögulega í samstarfi við hans félag Fák.

4. Fjármál LH

a. Drög að uppgjöri 2024 og drög að uppfærðri áætlun 2025

Öllu meiri halli á rekstri sambandsins árið 2024 en við var búist. Nokkur halli er á afreksmálum en þar hefur tekjuöflun brugðist. Norðurlandamótið var kostnaðarsamt og kostnaður við verkefnið Hæfileikamótun hefur aukist mikið á milli ára og fjöldi knapa og umfang verkefnisins hefur tvöfaldast. Mikill kraftur er í fjáröflun í landsliðsnefndinni fyrir afreksmálin á þessu ári.

Leita þarf allra leiða til hagræðingar í öllum þáttum í rekstrinum. Starfshlutfall hefur verið aukið á skrifstofu á sl. 18 mánuðum án þess að tekist hafi að afla viðbótartekna í samræmi við það.

Áætlun fyrir árið verður í endurskoðun næstu mánuðina og fundnar leiðir til að laga reksturinn, og allt kapp lagt í að tryggja jákvæða afkomu ársins.

Afgreiðsla: Gjaldkera og framkvæmdastjóra falið að vinna fjárhagsáætlun ársins áfram og koma með tillögur að leiðum til að mæta erfiðleikum í rekstri.

5. Landsliðs- og afreksmál

a. Fjármálin og áætlun fyrir HM 2024

Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir HM 2024. Kostnaðartölur eru flestar áætlaðar út frá rauntölum HM 2023. Enn vantar talsvert upp að fjáröflun standi undir áætluðum kostnaði.



b. Um fjöllum og skoðanaskipti

Rætt um stærð landsliðshópa og val í landsliðshópa.

Fundi frestað kl. 19.50

Fundi framhaldið laugardag 11. jan. kl. 9.00

6. Viðburðir sem framundan eru

Skipaður hefur verið starfshópur sem sér um að undirbúa fjáröflunarviðburð fyrir afreksmálin. Vinnudagsetning fyrir viðburðinn er 30. apríl, og verið að kanna möguleika á að halda viðburðinn í nýju höllinni hjá Sörla.

Verið er að skoða samstarf við Lengjuna um veðkappreiðar.

7. Íslandsmót – úthlutun

Sveinn vék af fundi þegar umsókn Sörla kom til afgreiðslu

Unnur vék af fundi þegar umsókn Skagfirðings kom til afgreiðslu

Sigurbjörn vék af fundi þegar umsókn Sprettis kom til afgreiðslu

a. Íslandsmót fullorðinna og ungmenna

2025 Sleipni hefur þegar verið úthlutað mótinu skv. ákvörðun stjórnar LH þann 2. okt. 2024.

2026 Umsókn barst frá Sörla.

Afgreiðsla: Samþykkt að úthluta Sörla Íslandsmóti fullorðinna og ungmenna 2026

2027 Umsóknir bárust frá Borgfirðingi, Skagfirðingi og Sörla

Afgreiðsla: Samþykkt að úthluta Skagfirðingi Íslandsmóti fullorðinna og ungmenna 2027

b. Íslandsmót barna og unglinga

2025 Umsókn barst frá Sörla.

Afgreiðsla: Samþykkt að úthluta Sörla Íslandsmóti barna og unglinga 2025

2026 Umsóknir bárust frá Sleipni og Sörla.

Afgreiðsla: Samþykkt að úthluta Sleipni Íslandsmóti barna og unglinga 2026

2027 Umsóknir bárust frá Spretti og Sörla

Afgreiðsla: Samþykkt að úthluta Spretti Íslandsmóti barna og unglinga 2027

c. Íslandsmót í Gæðingalist

Sprettur sendi inn umsókn um að halda Íslandsmót í Gæðingalist árin 2025, 2026 og 2027. Í samræmi við samþykkt landsþings er aðeins mótið 2025 til úthlutunar nú.

Afgreiðsla: Samþykkt að úthluta Spretti Íslandsmóti í Gæðingalist árið 2025. Lagt er til að mótið verði haldið helgina 25. til 27. apríl.

8. Meistaradeild æskunnar – beiðni um styrk

Beiðni frá Meistaradeild æskunnar um 500 þús. kr. styrk.

Afgreiðsla: Beiðni hafnað. Félögin geta víða sótt styrki, og ekki síst fyrir fræðslustarf í æskulýðsmálum. Skrifstofu falið að leiðbeina þeim um hvar hægt er að sækja um.

9. Nefndir og nefndarstörf



Farið yfir stöðuna í nefndum og hlutverk nefnda og þá starfshópa sem enn á eftir að skipa. Reglugerðir nefnda eru komnar í staðlað form. Nokkrar athugasemdir gerðar við orðlag í reglugerðum nefnda sem þarf að samræma.

10. FEIF aðalfundur

Tilraunir til að koma að auka stjórnarmanni inn í stjórn FEIF hafa ekki borið árangur. Erindi var sent á stjórn FEIF sem bendir á að frestur sé liðinn til að leggja til að kjósa aukastjórnarmann og ekki hafi verið gert ráð fyrir honum í fjárhagsáætlun.

11. Frumkýning heimildarmyndar um Sigurbjörn Bárðarson

Borist hefur beiðni frá framleiðendum myndarinnar um 350.000 kr. styrk frá LH til verkefnisins í stað 100 miða á frumsýningu.

Afgreiðsla: Formanni falið að semja við framleiðendur um allt að 175.000 kr. styrk í stað ákveðin fjölda miða á frumsýningu.

12. Vefsíðumál

Stefna hefur gert LH tilboð um nýja vefsíðu.

Afgreiðsla: Samþykkt að ganga að tilboði Stefnu. Skrifstofu falið að vinna málið áfram.

13. Fundartímar 2025

Lagt er til að fastir fundartímar verði annan hvern miðvikudag kl. 19.30. Næsti fundur boðaður þann 22. janúar.

Afgreiðsla: Samþykkt.

14. Fundarherferð stjórnar

Þann 22. febrúar verður opnunarmót Áhugamannadeildar Norðurlands, sem hestamannafélög allt frá Húnavatnssýslum til Egilsstaða eiga aðild að. Þar er gott tækifæri til að hitta formenn f. norðan og austan.

Afgreiðsla: Unni falið að skipuleggja fund með stjórnarfólki LH og formönnum félaganna.

15. Önnur mál

a. Fulltrúi LH/LM í framkvæmdanefnd Landsmóts 2026

Afgreiðsla: Lindu falið að finna fulltrúa í nefndina samráði við formann Skagfirðings.

b. Skagfirðingur óskar eftir aðstoð frá LH að sækja styrki til ráðuneyta fyrir LM26

Afgreiðsla: Skrifstofu falið að kanna hvaða styrki væri hægt að sækja fyrir Landsmót.

c. Landsmótsstaðallinn sem unninn var af mannvirkjanefnd og LM ehf.

Afgreiðsla: Tekið fyrir á fundi LM ehf. í næstu viku.

16. Kosning stjórnar ÍSÍ á íþróttabingi í maí – finna fulltrúa í stjórnar.

Afgreiðsla: Kata og Berglind taka að sér að kanna skiptingu atkvæða og hvernig standa skuli að framboðsmálum.



17. Félag íþróttblaðamanna

Hestaíþróttافرéttamenn eiga ekki fulltrúa í Félagi íþróttblaðamanna.

Afgreiðsla: Formanni falið finna leiðir til að koma blaðamanni frá Eiðfaxa inn í félagið.

Fundi slitið kl. 15.50